

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

*Breyting á deiliskipulagi fyrir iðnaðar- og verslunarsvæðið við Lund.*

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 17. mars 2026 breytingu á deiliskipulagi fyrir iðnaðar- og verslunarsvæðið við Lund.

Breytingin tekur til Viðjulundar 1 og 2 og felur í sér að gerð verði sameiginleg inn- og útkeyrsla inn á lóðir Viðjulundar 1 og 2 og að núverandi einstefnuinnkeyrsla frá Skógarlundi inn á lóð 2 verði felld niður. Þá er gert ráð fyrir að lóð 2 minnki um 3 m til vesturs meðfram göngustíg og að lóð 1 minnki þar sem svæði undir sameiginlega innkeyrslu verður hluti af bæjarlandi.

Skipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og grenndarkynnt skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*Akureyri, 1. júní 2026.*

F.h. Akureyrarbæjar,  
**Steinunn Karlsdóttir** verkefnastjóri skipulagsmála.

---

B deild - Útgáfudagur: 1. júní 2026